

Fundargerð Öryggisnefndar AKÍS

Fundur haldinn 9. september 2020 á Hangouts kl. 18.30

Mætt Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir, Aðalsteinn Símonarson, Ari Halldór Hjaltason, Elsa Kristín Sigurðardóttir,
Erla Sigurðardóttir boðaði forföll.

1. Kynning á nefndinni

AKÍS hefur gefið út og sent á nefndarmeðlimi skírteini með myndum sem staðfesta að við séum í nefndinni. Þau eru hugsuð til að meðlimir geti kynnt sig á keppnisstað þar sem þeir koma til að fylgjast með öryggismálum.

Ákveðið var að halda sama fyrirkomulagi og verið hefur að nefndarfólk reyni að fara á keppnir til að fylgjast með en haft verði samband við keppnisráð og keppnishaldara eftir tímabilið.

2. Öryggi í þeim keppnum sem búnar eru

Nefndarfólk hefur fengið ábendingar um nokkur atriði sem talin eru alvarleg og þarft að ræða:

- Breytt var um öryggisfulltrúa fáum dögum fyrir sandspyrnu á vegum KK 29. ágúst. Sú spurning vaknar hvort það sé ásættanlegt fyrir öryggisfulltrúa að hafa einungis skamman tíma til að setja sig inní starfið. Einnig hvort slíkt sé heimilt samkv. reglum AKÍS og hvort þetta sé í samræmi við leyfi lögreglustjóra?
- Í rallykeppni BÍKR 3.-5. september fór bíll með ferðafólki í gegnum tímavarðstöð inná eina af sérleiðunum á eftir undanfara. Fremsti keppnisbíll náði síðan þessum bíl. Samkv. svari Hönnu keppnisstjóra var málið strax tekið fyrir af keppnisstjórn og forsvarsmönnum klúbbsins og verður leitað leiða til að slíkt endurtaki sig ekki.
- Í þeim þremur rallykeppnum sem BÍKR hefur haldið á árinu hefur sjúkrafulltrúi ekki verið með þau réttindi sem reglur greinarinnar kveða á um. Í svari við fyrirspurn sagði Hanna keppnisstjóri að viðkomandi væri búinn að taka allt bóklegt nám sem bráðaliði en ekki hefði tekist að fá þjálfun í verklega hlutanum vegna COVID-19. Var athygli hennar vakin á að þetta sé ekki samkvæmt reglum.
- Í 2. umferð í drifti sem KK hélt 25. júlí ók einn ökumaður harkalega á steinblokk sem notuð var til að afmarka brautina. Eftir atvikið var steinblokkin fjarlægð og keilur settar í staðinn, sjá skjal 9 á upplýsingatöflu keppninnar. Nefndin lýsir yfir furðu sinni að hafa ekki fengið málið til umfjöllunar þar sem augljólega er um öryggismál að ræða.

3. Úttektir á brautum og keppnissvæðum

AS sendi fyrirspurn til stjórnar og skrifstofu sambandsins strax eftir síðasta fund nefndarinnar þar sem spurt var um álit á gildi brautaumsagna, og var fyrirspurnin ítrekuð fyrir 5 dögum síðan. Enn hefur ekkert svar borist og var AS falið að fylgja málinu eftir.

4. Öryggisfulltrúar – listi og fræðsla

Rætt var um hlutverk og fræðslu fyrir öryggisfulltrúa. Listi sem Þórður Bragason útbjó fyrir nokkrum árum um hlutverk helstu stjórnenda er kominn inn á akis.is, er hann að meginhluta samhljóða þeim lista sem nefndin er búin að útbúa.

Fram komu hugmyndir að öryggisfulltrúi hefði aðhald að sjúkrafulltrúum og skoðunarmönnum í keppni, t.d. með því að fara með þeim yfir helstu verkefni.

Áfram er stefnt að því að fá hæfa aðila til að sjá um námskeið fyrir öryggisfulltrúa seinnipartinn næsta vetur. Til þess þarf fjármagn og var ákveðið að sækja um styrk frá stjórn og eins að skoða hvort mögulegt sé að fá leiðbeinanda frá FIA og eða fjárstyrk

Ákveðið að á formannafundi í nóvember verði kynnt að gera þurfi áhættumat fyrir keppnir. Í framhaldinu verði fundað með keppnisráðum og keppnishöldurum og gerð áætlun um vinnuna við gerð áhættumats.

5. Önnur mál

- Sóttvarnaleiðbeiningar eru ekki á sérstaklega aðgengilegum stað á heimasíðu sambandsins. Er þeim tilmælum beint til þeirra sem síðunni stjórna að nauðsynlegt sé að þessar upplýsingar séu vel aðgengilegar og mælt með að þær séu á forsíðu.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 19.43

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson